

Laugavegur sem göngugata 2. áfangi

Fornleifaskrá

Anna Lía Guðmundsdóttir



Reykjavík 2021

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 210

Laugavegur sem göngugata 2. áfangi

Fornleifaskrá

Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2020

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 210

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Líska Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS 1 1041. Ljósmyndari: Óþekktur, Laugavegur 31
að brenna 26 júlí 1920.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 210

Reykjavík 2021

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1 Saga svæðisins.....	5
2 Almennt um verndun menningarminja.....	12
3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja.....	13
4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar.....	14
4.1 Fornleifaskrá fyrir Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg og Vatnsstíg að Hverfisgötu	15
4.2 Niðurstöður.....	23
5 Heimildir	23
Viðauki	25
Minjatafla	25
Minjakort.....	26

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á svæði sem er skilgreint sem „Laugavegur sem göngugata 2. áfangi.“¹ Deiliskipulagssvæðið nær yfir götur og gangstéttir Laugavegs, frá Klapparstíg að Frakkastíg með Vatnsstíg að Hverfisgötu, sjá afmörkun á mynd 1.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabíl gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.²

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Febrúar 2021
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Deiliskipulag í kynningu, <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugavegur-sem-gongugata>.

² Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

1 Saga svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um svæði í Reykjavík sem tilheyrir póstnúmeri 101. Deiliskipulagssvæðið nær yfir götur og gangstéttir Laugavegs, frá Klapparstíg að Frakkastíg með Vatnsstíg að Hverfisgötu, nefnt *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*,³ sjá afmörkun á mynd 1.

Landsvæðið, sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir, skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Þetta svæði tilheyrði áður bújörðinni Arnarhól og var beutiland þar til svæðið byggðist upp.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðis með svartri brotalínu, Laugavegur sem göngugata 2. áfangi.⁴

Á korti af svæðinu frá árinu 1876 er engin byggð á því svæði þar sem skipulagsreiturinn er, en torfbæjabyrpingin Kasthús, sem samanstóð af mörgum torfbæjum, var þá norðan við Laugaveg 25 og austan við núverandi Klapparstíg en Kasthús lágu til norðurs að Lindargötu, sjá mynd 2. Á þeim tíma var núverandi Laugavegur ekki kominn í sína mynd, nema neðsti hluti hans sem þá nefndist *Vegamótastígur*, en bæjabyrping sem nefndist *Vegamót* var sunnan við Vegamótastíg, austan við núverandi Vegamótastíg að Klapparstíg.⁵ Frá Vegamótum lágu tvær leiðir út úr bænum. Önnur leiðin lá til Hafnarfjarðar, þá *Hafnarfjarðarvegur*, en hin leiðin lá að ströndinni að ósum Rauðarár, Fúlulækjartjörn og þaðan að Þvottalaugunum, þá *Laugavegur*, sjá mynd 2.


³ Deiliskipulag í kynningu, <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugavegur-sem-gongugata>.

⁴ Kort af Reykjavík 2020 úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

⁵ Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga. Stgr. 1.171.1 Hverfisgata, Klapparstígur, Laugavegur, Smiðjustígur*, bls. 4.



Mynd 2. Hluta af korti Sveins Sveinssonar frá 1876 varpað á grunn í LUKR. Í næsta nágrenni við skipulagssvæðið voru Kasthús, torfbæjabyrping í Skuggahverfi og Vegamót, torfbæjabyrping sunnan við Vegamótastíg, núverandi Laugaveg.⁶



Mynd 3. Korti Benedikts Gröndals frá árinu 1887 varpað á grunn úr LUKR. Íbúðarhús úr timbri eða steini eru merkt með brúnu, en önnur eru torfbæir.⁷


⁶ Hluti úr korti Sveins Sveinssonar frá árinu 1876. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur.

⁷ Hluti úr korti Benedikts Gröndals frá árinu 1887. Kortasafn Borgarsögusafns Reykjavíkur, nöfn á húsum tekin úr Húsaskrá Reykjavíkur.

Á korti Benedikts Gröndals frá árinu 1887 er Klapparstígur orðinn gata með nokkrum húsum. Klapparstígur lá þá frá Litlu-Klöpp (Klapparstígur 35) niður að Klapparvör, en þar var býlið Klöpp. Vegurinn var lagður 1879 og fyrst í stað kallaður *Skuggahverfisvegur* en árið 1883 er hann fyrst kallaður Klapparstígur.⁸ Nokkur hús eru þá líka komin við Laugaveg að sunnan, *Hallholt* er þá austasti steinbærinn þar sem nú er Laugavegur 30, sjá mynd 3.

Á 8. og 9. áratug 19. aldar fór húsum við Laugaveg að fjölga verulega. Gatnagerð bæjarins naut góðs af þjóðhátíðarárinu 1874 og 1886 tók bærinn lán til að standa straum af kostnaði vegna lagningar vegar inn að Þvottalaugum. Laugavegurinn taldist fullgerður 1889 en þá náði hann austur að Fúlutjarnarlæk.⁹ Elsta byggðin við þennan götuhluta voru litlir steinbærir (sjá fornleifaskráningu). Þegar þeir voru byggðir var götulinan ekki alveg fullmótuð og stóðu sumir þeirra aðeins innar við götuna en húsin standa í dag.

Árið 1897 var ruddur vegur frá Laugavegi niður að Móakotslind (7-12), helsta vatnsbóli Skuggahverfinga, sem var norðan Lindargötu og austan við Vatnsstíg í landi Móakots. Sjálfgefið var að kalla þessa nýju götu *Vatnsstíg* þar sem hún var hugsuð til að auðvelda fólki vatnsburð. Nú liggur Vatnsstígur niður að Skúlagötu.¹⁰



Mynd 4. Korti frá árinu 1902 varpað á grunn í LUKR. Byggðin við Laugaveg farin að þéttast og lóðir afmarkaðar.¹¹

Á korti frá árinu 1902 er byggðin komin báðum megin við Laugaveg og Vatnsstíg. Götur og lóðir eru orðnar vel afmarkaðar. Flest húsin sem risu á þessum tíma voru litlir


⁸ Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, leit = Klapparstígur, sótt 27.2.2021.

⁹ Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir: *Byggingasaga Skýrslur Árbæjarsafns XL*, bls. 4.

¹⁰ Guðjón Friðriksson: Alfræði Reykjavíkur, leit = Vatnsstígur, sótt 27.2.2021.

¹¹ Landmælingar Íslands: *Reykjavík*, kort Landmælingadeildar Herföngjaráðs 1902, varpað á LUKR grunn.

steinbæir. Á kortinu er Frakkastígur ekki orðinn gata en hann var lagður árið 1903 og dró nafn sitt af Franska spítalanum, sem var reistur 1902 á lóð sem nú er Lindargata 51.¹²



Mynd 5. Hluta af korti frá árinu 1915-18 varpað á grunn í LUKR. Þar má sjá að byggðin við Laugaveg er farin að þéttast og götulínan orðin fastmótuð. Hús sem eru skástrikuð eru timburhús en þau sem eru tvístrikuð eru steinhlaðin eða steyp, lóðir eru vel skilgreindar.¹³

Um 1920 eru margir af litlu steinbæjunum við götuna horfnir, búið að rífa þá eða innlima í stærri hús. Þrír stóðu þó nokkuð fram á 20. öldina, Laugavegur 26, Laugavegur 25b og Laugavegur 28, sjá mynd 5, 6 og 7.

¹² Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Skuggahverfi – Skrá yfir hús í hverfi norðan Hverfisgötu, milli Ingólfsstrætis og Vítastígs*, bls. 9.

¹³ Hluta úr korti Ólafs Þorsteinssonar frá 1915-1918 varpað á nútímagrunn í LUKR. Kortasafn Borgarsögusafns.



Mynd 6. Laugavegur 31 brennur 26. júlí 1920, stórt timburhús í eigu Jónatans Þorsteinssonar, á gatnamótum Vatnsstígs og Laugavegar. Vestan við það er Laugavegur 29 þar sem nú er verslunin Brynja. Hinum megin við götuna er stórt timburhús, Laugavegur 28b, sem stendur enn. Vestan við það er steinbærinn Grund (7-158), þá Laugavegur 28 og enn vestar er annað steinhláðið hús sem var Laugavegur 26. Á myndinni er fjöldi fólks, líklega að bjarga verðmætum úr brennandi húsinu.¹⁴




Mynd 7. Horft austur Laugaveg um 1979. Til vinstri er húsið Laugavegur 25, sem síðar var stækkað til austurs, K. Einarsson og Björnsson. Þá er steinbær, gult hús (7-153, fyrst byggt 1890), sem var á sömu lóð, í vestari hluta þess var gullsmíðaverkstæði en í eystri hlutanum, sem var viðbygging, var verslunin Dyngjan.¹⁵

¹⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS 1 1041, ljósmyndari ókunnur.

¹⁵ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: BSK 9 4023, ljósmyndari ókunnur.



Mynd 8. Árið 1952 við Laugaveg. Til vinstri er húsið Laugavegur 26 sem var steinhláðið og sést bakhliðin á því húsi á mynd 6. Húsið hægra megin við það er steinbærinn Vegamótabrú eða Litlabrú sem líka var á lóð Laugavegs 26, merkt Hellas, en þar voru seld skíði árið 1956.¹⁶ Fyrir miðri mynd er stórhýsi Fálkans, hljómplötuðeildin og reiðhjóladeildin Laugavegi 24.



Mynd 9. Fyrir framan Laugaveg 32 er minningarskjöldur um fæðingarstað Halldórs Laxness, en þar var steinbær byggður 1890 (7-162). Búast má við að finna sökkul af því húsi við framkvæmdir.

¹⁶ Þjóðviljinn: 28 mars 1958, bls. 4.

Þessi hluti Laugavegar hefur verið endurnýjaður nokkrum sinnum, en ekki er ljóst hversu mikið hefur verið grafið burtu af jarðvegi í gegnum tíðina. Til eru myndir sem sýna framkvæmdir á þessum götuhluta frá árinu 1987.



Mynd 10. Laugavegur, horft í austur frá Klapparstíg, vinstra megin er Klapparstígur 31, Laugavegur 23, 25 og 27, til hægri Laugavegur 22, 22A, 24, 26. Framkvæmdir á svæðinu, skipt er um jarðveg í götukassa.¹⁷



Mynd 11. Laugavegur, horft í vestur frá Frakkastíg. Til vinstri er Laugavegur 42, 40A, og 40, til hægri er hús sem nú er Frakkastígur 8, svo kemur Laugavegur 45, 43 (Vínberíð) og 41.¹⁸

¹⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; 365 GÖT L283 1-6, ljósmyndari óþekktur, apríl 1987.

¹⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur; 365 GÖT L284 2-4, ljósmyndari Brynjar Gauti Sveinsson, apríl 1987.

2 Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹⁹

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngrípír og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

¹⁹ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.



- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörðar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Þjörgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almenn er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3 Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2021) eru um 3.800 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu, dæmi: Arnarhóll 7-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2579**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og

minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.²⁰

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1921-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1931 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Engar sýnilegar fornleifar eru á svæðinu, þannig að ekkert var mælt inn. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap og er hnitsetningin tekin upp úr þeim grunn.

4 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja fyrir svæði sem er Laugavegur frá Klapparstíg að Frakkastíg og Vatnsstígur að Hverfisgötu, nefnt *deiliskipulagssvæði Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*,²¹ sjá mynd 10. Engin hús eru innan þessa afmarkaða reits, en búast má við fornleifum í þeim hluta þar sem alltaf hafa verið gangstéttir. Minjar á svæðinu eru skráðar undir jörðina Arnarhól.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram áður á þessu svæði, en fyrir liggur skýrsla nr. 86 frá 2001, Laugavegsreitir – miðsvæði, sem fjallar um þau hús sem þá stóðu við götuna og við umræddan skipulagsreit.²² Skráningin tekur mið af núgildandi lögum um menningarminjar 80/2012 og þeim reglum sem gilda um skráningu fornleifa og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands.²³ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2579**. Vettvangsrannsókn fór fram 8.2.2020. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Staðsetning horfinna húsa er fengin af kortum frá árunum 1876, 1887, 1902 og 1915-18 sem voru strekkt á nútímagrunn í LUKR. Skráð voru hús sem stóðu við götuna árið 1902 eða fyrr, en talið er að þau gætu

²⁰ Vefur Borgarvefsjái. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.


²¹ Deiliskipulag í kynningu, <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laugavegur-sem-gongugata>.

²² Nikulás Úlfar Másson og Helga Maureen Gylfadóttir; *Húsakönnun, Laugavegsreitir – miðsvæði*, Reykjavík 2001, skýrslur Árbæjarsafns 86.

²³ *Lög um menningarminjar* - nr. 80 - 29.6.2012. Tóku gildi 1.1.2013 – *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

hafa staðið nær götunni og leifar af þeim gætu leynst innan svæðisins. Upplýsingum úr þessari fornleifaskráningu hefur verið skilað til Minjastofnunar samkvæmt skráningarstöðlum og leiðbeiningum stofnunarinnar.²⁴

4.1 Fornleifaskrá fyrir Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg og Vatnsstíg að Hverfisgötu



Mynd 12. Skráðar fornleifar á deiliskipulagsreitnum.²⁵

Arnarhóll 7-148 Vegamótabrú, Laugavegur 21

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Astand	Horfin
7-148	Vegamótabrú, Laugavegur 21	Timburhús	Hús	1884	357455	408076	8,9	7,7	Gott	Nei

Staðhættir: Úr Húsaskrá: Húsið er byggt á árunum 1884-1885 af Magnúsi Pálssyni múrara. Árið 1895 var það stækkað af Ole Johan Haldorsen, Óla norska, og hækkað um eina hæð. Í húsinu var sölubúð árið 1924 og mun Ámundi Árnason hafa verslað þar um tíma. Síðar var þar Guðmundur B. Vikar klæðskeri en frá um 1930-60 starfaði klæðskerameistari Hannes Erlendsson þar. Á efri hæðinni bjó eigandi hússins, Ragnar Halldórsson, sonur Óla norska. Þá hafði ekki enn verið leitt rafmagn í allt húsið.

Lýsing: Húsið stendur á sínum stað.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2229400>

²⁴ Oddgeir Isaksen; *Skil á fornleifaskráningargögnum - Landupplýsingagögn: punktaskrár, línu- og flákagögn*, 2016. *Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013.

²⁵ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/>

Arnarhóll 7-149 Laugavegur 20b

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-149	Laugavegur 20b	Hús	Hús	1903	357449	408063	26,3	9,3	Gott	Nei

Staðhættir: Hús var fyrst byggt á þessari lóð 1903 og stendur þar enn. Húsið er friðað.

<https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/791>

Lýsing: Húsið stendur á sínum stað.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2229428>

Arnarhóll 7-150 Laugavegur 22

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-150	Laugavegur 22	Hús	Hús	1905	357466	408053	10	11,5	Gott	Nei

Staðhættir: Þetta hús er byggt 1905, sjá Húsaskrá Reykjavíkur.

Lýsing: Húsið stendur á sínum stað.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2229431>

Arnarhóll 7-151 Laugavegur 31

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-151	Laugavegur 31	Hús	Heimild	1885	357468	408069	5	4,6	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 31.

Fyrsta húsið á þessari lóð var byggt 1885, sjá Húsaskrá Reykjavíkur.

Lýsing: Horfið. Húsið hefur líklega staðið út í gangstéttina.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2229792>

Arnarhóll 7-152 Laugavegur 23

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-152	Laugavegur 23	Hús	Hús	1899	357479	408064	10,15	6,7	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 23.

Úr Húsaskrá: „Þetta hús var reist sem íbúðarhús árið 1899. Árið 1910 eignaðist Kristín Jónsdóttir Dahlstedt húsið og hóf þar rekstur veitingastofu sem bar heitið Fjallkonan. Hún rak veitingastofuna í þessu húsi fram til ársins 1915 en þá flutti hún hana á Laugaveg 20b.“

Lýsing: Húsið stendur á sínum stað.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2229823>

Arnarhóll 7-153 Kasthús Laugavegur 25b

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-153	Kasthús, Laugavegur 25b	Steinbær	Heimild	1890-1979	357495	408056	6	6	Ómetið	Að mestu

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 25b. Þar stóð steinbær sem nefndist Kasthús, samkvæmt Húsaskrá Reykjavíkur.

Lýsing: Horfið, gamli steinbærinn var rifinn 1979 þegar húsið Laugavegur 25 var stækkað til austurs. Hann gæti hafa staðið aðeins út í gangstétt.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2229854>

Arnarhóll 7-154 Selsholt Laugavegur 22a

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-154	Selsholt, Laugavegur 22a	Steinhlaðið hús	Heimild	1892-2003	357476	408048	8	4,8	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 22a.

Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Guðmundur Guðmundsson kaupmaður, byggði fyrsta hús að Laugavegi 22b árið 1892. Það var hlaðið úr tilhöggnu grágrýti. Árið 1922 var húsið komið í eigu Gabriellu Manberg, sem lét gera miklar endurbætur á því sama ár. M.a. var byggður inngönguskúr við suðurhlíðina og geymsluhús úr timbri á lóðinni. Gabriella lét dýpka kjallarann og innréttu í honum bakari árið 1932. Einnig var gluggum framhliðar breytt sama ár.“

Lýsing: Horfið, húsið var rífið í apríl 2003 og nýtt hús byggt á lóðinni.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2230122>

Arnarhóll 7-155 Laugavegur 24

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-155	Laugavegur 24	Steinbær	Heimild	1881-1903	357494	408038	5,2	5,3	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 24.

Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Sigurður Friðriksson byggir steinbæ á lóðinni árið 1881.“

Lýsing: Horfið, húsið rífið árið 1903 og nýtt hús byggt á lóðinni.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2230199>

Arnarhóll 7-156 Vegamótabrú eða Litlabrú Laugavegur 26

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-156	Vegamótabrú, Litlabrú, Laugavegur 26	Steinbær	Heimild	1885	357507	408032	8,3	4,5	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 26.

Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Jens Jóhannesson tómthúsmaður byggði steinbæ á lóðinni og sonur hans, Jóhannes Kristján Jónsson skósmiður, byggði síðan tvo steinbæi á sömu lóð árið 1895 og 1896.“ (Sjá virðingar sömu ára).

Lýsing: Húsið var rífið 1958.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2230201>

Arnarhóll 7-157 Litlaholt, Laugavegur 27

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-157	Litlaholt, Laugavegur 27	Steinbær	Heimild	1890	357516	408046	10,8	5	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 27.

Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Árið 1890 var Guðmundi Guðmundssyni tómthúsmanni veitt leyfi til að byggja steinbæ sem hann seldi síðan Jóni Magnússyni kaupmanni árið 1899. Jón byggði timburhús árið 1899 við vesturgöfl steinbæjarinnar sem þarna stóð.“

Lýsing: Horfið. Ekki er ljóst hvenær húsið var rífið.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2230286>

Arnarhóll 7-158 Grund, Laugavegur 28

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-158	Grund, Laugavegur 28	Steinbær	Heimild	1893-1934	357530	408020	6,5	5,1	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 28. Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Hús á lóðinni var byggt 1890 af Sturlu Friðrikssyni tómhúsmanni og hann nefndi það Grund.“

Lýsing: Horfið, en byggt var á lóðinni 1934.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2230303>

Arnarhóll 7-159 Laugavegur 29

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-159	Laugavegur 29	Bindingsverk	Hús	1891-1906	357532	408039	11,7	5,1	Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 29. Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Í skránni kemur fram ártalið 1891, sem er þá líklega þetta hús sem er sýnt á korti 1902, en núverandi hús er byggt 1906 og hefur verslunin Brynja verið þar í tugi ára.“

Lýsing: Horfið.

Sjá skráningu í Sarpi: <http://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=2230304>

Arnarhóll 7-160 Laugavegur 31

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-160	Laugavegur 31	Hús	Heimild	1899-1906	357553	408028			Ómetið	Já

Staðhættir: Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1902, þar sem nú er lóðin Laugavegur 31. Stærð hússins á kortinu er ekki í samræmi við lýsingar á byggingu í húsaskrá.

Úr Húsaskrá Reykjavíkur: „Jón byggir þetta hús við austurenda húseignar sinnar nr. 31 á Laugavegi árið 1899. Árið 1901 er byggður inngönguskúr við norðurhliðina á húsinu. Árið 1904 hefur húsið verið endurbætt á ýmsan hátt bæði að utan og innan. Húsið var rífið árið 1906 og stórt timburhús byggt. Það hús brann 26. júlí 1920.“

Lýsing: Horfið.

